
Johann Sebastian
Bach
SONATAS AND PARTITAS
FOR SOLO VIOLIN
HLÍF SIGURJÓNSDÓTTIR

Hlíf Sigurjónsdóttir er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún kom fyrst opinberlega fram 11 ára gömul er hún lék einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff og nam einnig hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg.

Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach.

Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, Bandaríkjunum og í Kanada. Hún hefur frumflutt mörg tónverk sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana.

Hlíf hefur leikið inn á upptökur fyrir útvarp og sjónvarp og nokkra geisladiska við frábæran orðstír. Tónlistargagnrýnandi Morgunblaðsins gaf geisladisknum *44 Dúó* með verkum eftir Béla Bartók fimm stjörnur með orðunum „Þjóðleg innlifun á heimsmælikvarða".



Hlíf Sigurjónsdóttir was born in Copenhagen and grew up in Reykjavík. Upon graduation in Iceland she furthered her studies at the Universities of Indiana and Toronto and Banff School of Fine Arts. Later she took lessons with the renowned violinist and teacher Gerald Beal in New York.

During her studies she was fortunate enough to work with many of the leading musicians of the twentieth century, such as Franco Gulli, William Primrose, Gyorgy Sebok, Rucciero Ricci and Zoltan Szekely and the other members of the 'old' Hungarian Quartet.

Sigurjónsdóttir´s first appearance as a soloist, was at the age of 11, with the Iceland Symphony Orchestra. She has performed a great number of concerts as a soloist and a chambermusician in Iceland, Denmark, Canada, England, Germany, Switzerland, France, Spain and the USA.

She has premiered numerous works, many of which were specifically written for her. Her recent CD with Béla Bartók´s *44 Duos* has received excellent reviews. The music critique of Morgunblaðið in Reykjavík, writes on January 7th 2006: 'Folkloristic interpretation on an international level'.



# Johann Sebastian Bach
## 1685-1750

## CD 1

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Sonata I** | **BWV 1001** | g moll<br>*g minor* | | Tekið upp í október 2007<br>*Recorded October 2007* |
| | | | Adagio | 3:54 |
| | | | Fuga, Allegro | 6:26 |
| | | | Siciliana | 3:18 |
| | | | Presto | 2:58 |
| **Sonata II** | **BWV 1003** | a moll<br>*a minor* | | Tekið upp í október 2007<br>*Recorded October 2007* |
| | | | Grave | 4:24 |
| | | | Fuga | 10:25 |
| | | | Andante | 3:54 |
| | | | Allegro | 4:24 |
| **Sonata III** | **BWV 1005** | C dúr<br>*C major* | | Tekið upp í október 2007<br>*Recorded October 2007* |
| | | | Adagio | 4:29 |
| | | | Fuga | 14:04 |
| | | | Largo | 3:17 |
| | | | Allegro assai | 3:58 |
| | | | | **65:31** |

Leikið á fiðlu sem Christophe Landon smíðaði og með boga eftir Gilles Nehr
Performed on a violin by Christophe Landon and with a bow by Gilles Nehr

## CD 2

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Partita I** | **BWV 1002** | h moll<br>b minor | | Tekið upp í september 2002<br>Recorded September 2002 |
| | | | Allemanda | 4:40 |
| | | | Double | 2:21 |
| | | | Corrente | 3:30 |
| | | | Double Presto | 3:40 |
| | | | Sarabande | 2:26 |
| | | | Double | 1:46 |
| | | | Tempo di Borea | 2:53 |
| | | | Double | 3:09 |
| **Partita II** | **BWV 1004** | d moll<br>d minor | | Tekið upp í júní 2001<br>Recorded June 2001 |
| | | | Allemanda | 3:59 |
| | | | Corrente | 2:33 |
| | | | Sarabanda | 3:04 |
| | | | Giga | 3:50 |
| | | | Ciaccona | 15:46 |
| **Partita III** | **BWV 1006** | E dúr<br>E major | | Tekið upp í desember 2000<br>Recorded December 2000 |
| | | | Preludio | 4:32 |
| | | | Loure | 3:40 |
| | | | Gavotte en Rondeau | 3:38 |
| | | | Minuet I | 1:23 |
| | | | Minuet II<br>- Minuet I da capo | 2:37 |
| | | | Bourée | 1:25 |
| | | | Gigue | 2:19 |
| | | | | **73:11** |

Leikið á fiðlu sem G. Sgarabotto smíðaði og með boga eftir Isaac Salchow
Performed on a violin by G. Sgarabotto and with a bow by Isaac Salchow

# Johann Sebastian

Johann Sebastian Bach fæddist inn í þekkta tónlistarfjölskyldu í Eisenach árið 1685. Foreldrar hans létust báðir er hann var barn að aldri og flutti hann þá til elsta bróður síns sem var organisti í nágrannabænum Ohrdruf og stundaði þar tónlistarnám.

Í upphafi ferils síns starfaði hann sem organisti og um tíma einnig sem hirðhljóðfæraleikari, en var ráðinn til hirðar Wilhelm Ernst greifa af Weimar árið 1708. Sex árum síðar varð hann konsert-meistari við sömu hirð. Árið 1717 yfirgaf hann Weimar og réðst til starfa að hirð Leopolds prins af Anhalt-Cöthen til ársins 1723. Þaðan fór hann til Leipzig og gegndi stöðu kantors við Tómasarkirkjuna til dauðadags árið 1750.

Meðan Bach starfaði sem organisti í Weimar samdi hann mörg orgelverk og var þekktur og viðurkenndur sem orgelleikari. Í Cöthen hafði hann engum kirkjulegum skyldum að gegna, en bar hins vegar ábyrgð á öllum tónlistarflutningi við hirðina og samdi þá fjölda verka fyrir hin ýmsu hljóðfæri. Í Leipzig skóp hann bæði kirkjulega og veraldlega tónlist.

Einleiksverkin sex fyrir fiðlu, þrjár sónötur og þrjár partítur, samdi hann í Cöthen árið 1720, þá 35 ára gamall. Hann byggir þau á ríkjandi hefð þýsks fiðluskóla. Þær tilgátur eru uppi að hann hafi samið þau sem æfingar líkt og Paganini gerði síðar með Caprisur sínar. Ljóst er að Bach hefur þekkt fiðluna mjög vel og með sínu frjóa ímyndunarafli séð fyrir enn óuppgötvaða möguleika hljóðfærisins.

Johann Sebastian Bach was born in Eisenach in 1685, and at the age of 10, after the death of both his parents, he went to live with his oldest brother, Johann Christoph, who was an organist at Ohrdruf.

After working as an organist and court musician, Johann Sebastian was appointed to the court of Margrave Wilhelm Ernst of Weimar in 1708. Six years later he became the concertmaster of the court. In 1717 he left Weimar for the court of Prince Leopold of Anhalt-Cöthen, where he remained until 1723. He then went to Leipzig, where he lived and worked until his death in 1750. In Leipzig Bach was the cantor at the church of St. Thomas and from 1729 also the director of the Collegium Musicum, which had been founded in 1702 by Telemann.

At Weimar, Bach was employed as an organist, and he wrote many of his organ works during this period. He achieved renown as a virtuoso organist. In Cöthen, on the other hand, he had no ecclesiastical duties, but was responsible for all the music performed at the court. At this time he composed many pieces for a variety of instruments. In Leipzig he composed both devotional and secular works.

Bach composed the six solo violin works - three sonatas and three partitas - in Cöthen in 1720, when he was 35 years old. He based them upon the rich traditions of the German violin school. It has been suggested that he may have composed them as studies, as Paganini later did with his 24 Caprices. It is very clear that Bach was thoroughly familiar with the violin, and his fertile imagination discerned previously unknown potential in the instrument and its music.

# Bach



Einleiksverk þessi hafa fylgt mér allar götur frá námsárum mínum hjá Birni heitnum Ólafssyni konsertmeistara, en ég var svo lánsöm að stunda nám hjá þessum frábæra tónlistarmanni. Björn áleit sónötur og partítur Bachs biblíu fiðluleikarans og mér eru þessi verk mjög hugstæð. Lærimeistari Björns var fiðluleikarinn Adolf Busch.

Síðasti kennari minn Gerald Beal, sem numið hafði hjá Jascha Heifetz, opnaði nýjar leiðir að þessum tónsmíðum með frumlegum tæknilegum lausnum og tærri músíkalskri nálgun.

júní 2008
Hlíf Sigurjónsdóttir

I have been familiar with these compositions since I began studying the violin at an early age with the concertmaster of the Iceland Symphony Orchestra, Björn Ólafsson. He saw these compositions as the violinist's Bible, and I was fortunate enough to play them all under his guidance. Ólafsson's tutor had been Adolf Busch.

My last teacher, Gerald Beal, has left his mark on my artistic approach as well with his inventive fingering solutions and a clear musical approach. His teacher was Jascha Heifetz.

June 2008
Hlíf Sigurjónsdóttir

